



AGNIÐ

Fréttabréf SVH

des 2009

5. tbl. 16. árg.

Meðal efnis:

Vetrarstarfið

- Dagskráin í vetur

Veiðibakterían

- Hvernig fær maður hana

Formaðurinn

- Að sjálfsögðu pistill formanns

Hlíðarvatn

- Samantekt veiðisumarið 2009

Takið
Eintak



Við hjá Stangaveiðfélagi Hafnafjarðar óskum öllum félögum og velunnurum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



 **INTERSPORT**
Húseggnahöllinri slmi. 686 7239 **VEIÐIDEILD**



Ritstjórinn

AGNIÐ

Útg.: Stangveiðifélag Hafnarfjarðar.
Flatahrauni 29, 200 Hafnarfjörður.

Sími: 5654020

Netfang stjórnar: stjorn@svh.is
Netfang ritstjórnar: webmaster@svh.is

Vefang: www.svh.is

Ábyrgðaraðili: Hans Unnþór Ólason

Ritstjórinn: Evar Ágústsson
Sími: 6699240

Prentun: Steinmark - www.steinmark.is

Sælir veiðimenn og konur !

Ég hef það fyrir reglu að grafa fisk til að eiga í ísskápnum svona um "hátíðarnar". Núna þegar ég var dunda við að flaka fiskinn og blanda kryddið fyrir hátíðarskammtinn var mér hugsað til þeirrar dásemdar að hafa enn aðgang að þokkalegum veiðisvæðum á kristlegu verði óháð "fjármálastormsveipnum" sem fer hér um núna og allir hækka allt sem mögulegt er í botn með með



skýringunni: "Jú krónan er svo veik"! Hvað gerist þegar þetta grey læknast að nýju, hríðfellur þá ekki allt í verði? Því miður læðist að mér sá grunur að ýmsar skrítnar ástæður skjóta upp kollinum þegar (og ef) að því kemur að þessi furðurlega vísitala (gengisvísitalan) fer niður að nýju.

Ég óska hér með öllum þeim sem þetta lesa gleðilegra jóla - árs og friðar. Vonum að jólapakkar verði fullir af bjartsýni og ja kannski veiðibúnaði.

Fveðja: Evar



Jólagjöf veiðimannsins

32 vatnasvæði á aðeins kr. 6.000

www.veidikortid.is

Fæst hjá N1, veiðivöruslunum, www.veidikortid.is og víðar

Formaðurinn

Heilir og sælir stórveiðimenn!

Þá fer vetrarstarfið okkar að fara í gang, eins og alltaf á þessum tíma, ég vona að félagar hafi átt gott veiðisumar, amk voru gæftir víða ágætar. Framundan er nokkuð hefðbundinn vetur, með hnýtingarkvöldum og gestakomum, vona ég að menn nýti sér þetta og láti sjá sig á fimmtudagskvöldum. Þá vil ég hvetja féлага til að láta sjá sig á aðalfundinum í byrjun febrúar og gjarnan láta í sér heyra ef þeim liggur eitthvað á hjarta. Vötnin okkar komu vel út í sumar, Kleifarvatn á hraðri uppleið með væna fiska og miklu fleiri veiðimenn en það er víst samhengi á milli ástundunar og aflabragða ;-)



Ljóst er að aðkoma Veiðikortsins hefur haft góð áhrif á ástundun vatnsins og í haust var endurnýjaður samstarfssamningur milli SVH og Veiðikortsins, til þriggja ára. Hlíðarvatn tók heljarmikið stökk uppá við og veitti ekki af eftir heldur dræm sumur undanfarið, enn vantar þó mikið uppá að menn fari þangað síðsumars og um haust, þrátt fyrir góða veiðivon á þeim tíma, ekki síður en fyrri hluta sumars. Sjá má mynd af einni flottri bleikju aftar í blaðinu veidda 29. sept. Djúpatvatnið seldist algerlega upp og ljóst að það er feikivinsælt hjá fjölskyldufólki, ekkert skrítið. Við munum gera aflabrögðum

Fínt að hnýta svona í vetur

betri skil síðar. Framundan eru svo umsóknir um veiðileyfi og munum við

reyna að bjóða ný svæði á góðu verði, eins og undanfarið.

Að lokum vona ég að veiðimenn fái eitthvað spennandi frá jólasveininum og óska félögum gleðilegrar hátíðar og farsæls nýs árs.

Hans Ólason

Heimasíða félagsins

Hefur þú brennandi áhuga á veiði og netmiðlum? Fylgist þú með því sem er að gerast í veiðinni á netinu? Hefur þú þekkingu á vefsíðum og meðhöndlun þeirra? Vilt þú sjá um efni og innihald heimasíðu félagsins?

Ef svo máttu senda póst (email á stjorn@svh.is) því okkur vantar hugmyndaríkan einstakling til að "vaka og sofa" yfir efni og innihaldi síðunnar.

Uppskriftin

Hægeldaður kryddlax

Uppskrift þessi er fengin úr bókinn "Af bestu lyst 3".
Það má finna ýmsar "hjärtavænar" uppskriftir af fisk og fiskmeti.

*1 lax- eða silungsflak
nýmalaður pipar*

*1 msk olía
salt*

*1/2 knippi steinselja
1/2 rautt chili-aldin fræhreinsað*

10 basilíkuþlöð

- Hitaðu ofninn í 125°C Penslaðu laxaflakið með olíunni og kryddaðu það með pipar og salti. Settu það á pappírsklædda bökunarplötu með roðhliðina niður
- Saxaðu kryddjurtirnar og chili-aldinið smátt (gjarnan í matvinnsluvél eða með töfrasprota) og stráðu blöndunni jafnt yfir flakið
- Bakaðu flakið í miðjum ofni í 30-40 mínútur, eftir þykkt. Þegar hitinn er svona vægur ættu kryddjurtirnar að haldast fagurgrænar
- Berðu fiskinn fram með soðnum karöflum, gúrkum, tómötum og sítrónubátum. einnig má bera hann fram kaldan á hlaðborði.



FJARÐARKAUP
Verslun Veiðimannsins

Vetrarstarfið 2010

Jæja nú er vetrarstarfið loks að hefjast. Nú þurfa menn (og konur) að brýna hnýtingarverkfærin til að framleiða flugur í stórum stíl í vetur.

Byrjunun verður fimmtudaginn 21. janúar 2010.

Dagskráin er að sjálfsögðu ekki "heilög", nema lokahófið, þannig að eitthvað gæti breytst svona þegar árið hefst.

21. jan	Opið hús - hnýtingar og spjall
28. jan	Kynning á starfsemi og veiðisvæðum félagsins
4. feb	Kynning
11. feb	Opið hús - hnýtingar og spjall
18. feb	Kynning
25. feb	Opið hús - hnýtingar og spjall
4. mar	Kynning
11. mar	Opið hús - hnýtingar og spjall
18. mar	Kynning
25. mar	Opið hús - hnýtingar og spjall
8. apr	Kynning
15. apr	Opið hús - hnýtingar og spjall
21. apr	Lokahóf, Kvöldið fyrir Sumardaginn fyrsta.

Fluguhnýtingaefni

Mesta úrval landsins af fluguhnýtingaefni

Vesturröst

Sérverslun veiðimanna - Laugarveg 178 sími 551 6770 www.vesturröst.is

“Að fá veiðibakteríuna”

(Stutt veiðisaga með spaugilegu ívafi og alvarlegum undirtóni)

Formáli: Ég lenti í smá óhappi hér í haust, við veiðar og einhverjir munu hafa frétt af því, og eins og stundum vill verða þegar fiskisagan flýgur, þá getur fjöðrin orðið að heilum hami. Svo rammt kvað að, að ætla mætti að ég hafi misst fótinn af við öxl, svo illa fór nú reyndar ekki og til að leiðrétta þetta nú í eitt skipti fyrir öll ákvað ég að segja ykkur söguna eins og hún er, ekkert undandregið, engu bætt við og klaufaganginn tek ég á mig skuldlaust.

Ætla mætti að ég hefði verið með veiðibakteríuna lengi, en síðustu helgina í september komst ég að raun um að svo var nú bara ekki !!

Við fórum 3 félagar í litla á austan við Kirkjubæjarklaustur á laugardagskvöldi, og strax þá um kvöldið lagðist einn okkar í flensu með háan hita og dugði hvorki koníak né önnur meðöl til að svæla hana út. Það lagðist því á okkur hina tvo að klára koníakið!

Sunnudagsmorgun fór í að bera fúavörn á veiðihús, en uppúr hádegi fengum við smá leiðsögn frá kunnugum um ána, sem var gott því við höfðum aldrei komið á neðsta veiðistaðinn (nr. 1) en einmitt þar sáum við hann bylta sér og er þessi staður vettvangur sögunnar. Gædarnir tóku 2 - 4 köst á vökina, án árangurs og höfðu á orði að við myndum bara taka þennan seinna um daginn.

Frændi minn og félagi (sem frískur var) hafði gert ráðstafanir til að fá far heim um kvöldið en við hinir 2 ætluðum að veiða mánudaginn líka. Eftir einungis klukkutíma veiði var hringt og tilkynnt að bílfarið væri lagt af stað í bæinn



og hann beðinn að vera klár. Smá vonbrigði óneitanlega, ekki nóg með það heldur keyrðu þau langt vestur fyrir okkur og varð ég að skutla frænda inná Klaustur til móts við þau sem höfðu þá snúið við, (fávitar). Þar með var sögumaður orðinn einn á ferð, þar sem hinn veiðimaðurinn lá eins og grafinn silungur í veiðihúsinu undir svefnpokum og teppum með 40 stiga hita....

Frá söguslóðum

“Að fá veiðibakteríuna framh.”

Ég hugsaði til félagans á nr. 1 frá því fyrr um morguninn, ákvað að veiða mig niður að honum með viðkomu á veiðistöðum 5 til 2, varð ekki var við líf og keyrði svo sem leið lá niður á Ásinn. Ég var með 4/5 með sökkenda og setti litla bleika og bláa með kúlu undir, fluga sem hefur gefið mér þá fiska sem ég hef hingað til veitt í þessari á. Svo var læðst frá bílnum og byrjað að kasta ofarlega, svolítið ofar en hann hafði sýnt sig um morguninn, ég reyndi að veiða langt á undan mér, þverkastaði eins langt og ég dró og lét reka og viti menn 30 metrum síðar BANG!!! Og hann dansaði á sporðinum, viðureignin var snörp en ekki mjög löng og adrenalínið á fullu, ég velti því fyrir mér hvort ég ætti að sleppa honum en hann var heldur mjósleginn svo ég ákvað að kíkja í magann hans hvort hann væri alveg tómur, hann var „3 pund á lengd“ en vóg aðeins um 2 pd. Svo ég kraup á bakkanum, losaði úr honum fluguna með skæratönginni og svo dróg ég upp hnífinn og rotaði félagann með bakka hnífsins, vill þá ekki betur til en svo að skæratöngin festist í franska rennilásnum á jakkaerminni og keyrist á kaf í lærið á mér, rétt f. ofan hné... átsj, í gegnum neopranevöðlurnar og allt !!

Ég þurfti að kippa henni út með talverðu aflí, og hugsaði með mér, djöf... nú leka þær, rétt að taka fram á þessu stigi að ég var alsgáður enda einn á bíl. Ég hugsaði með mér að láta aðgerð á fiskinum bíða og taka nokkur köst til viðbótar, en nú gat ég auðvitað ekki vaðið jafn djúpt vegna gatsins á vöðlunum. Varð ekki meira var þarna og fór uppí bíl, kom við á nokkrum veiðistöðum á leið upp í hús að vitja félagans sem flensaður var, og rétt fyrir myrkur ákvað ég að taka síðustu köstin í veiðistað skammt f. neðan veiðihúsið, snaraði mér útúr bílnum og þá gerðist það heldur betur, helvítis fokking fokk, sársauki fyrir allt kúlulánið og rúmlega það, ég táraðist og og staulaðist uppí bílinn og heim að húsi, félaginn var heldur hressari en sýnilega enn með talsverðan hita, ég



Frá söguslóðum

komst úr vöðlum og undirbuxum en það var næstum liðið yfir mig af sársauka og ég held að ég sé nú engin „kelling“. Eftir að að setið á rökstólum í um ½ tíma komumst við að þeirri niðurstöðu að veiðiferðinni væri líklega lokið í þetta skiptið og meðan félaginn með flensuna bar allt dótið úti bíl náði ég sambandi við lækinn á Klaustri, að ég hélt og spurði hann hvort ég gæti ekki fengið einhver verkjalyf svo ég héldi nú út í bæinn, það var velkomið og ég kvaddi með þeim orðum að við myndum sjást eftir smá stund, ...

“Að fá veiðibakteríuna framh.”

Þá kom hik á hinn endann og hann spurði aftur, hvar ég væri, ég sagðist vera 12 km f. austan Klaustur svo þetta væri nú ekki langt, en hann svaraði, „sko ég er á Vík, er með bakvaktina fyrir Klaustur“. Þannig að það voru langir 70 km án verkjalyfja og ef félaginn hefði ekki verið veikur undir stýri þá hefði ég líklega grenjað alla leið, en ég rétt harkaði af mér. Á Vík, heilsugæslunni tók þessi líka öndvegis lækni á móti mér og pantaði þegar í stað sjúkrabíl suður, hafði reyndar á orði að hann væri vanari því að losa flugur úr veiðimönnum en því að reyna að stoppa í tangargöt, (held að ég hafi þurft að útskýra amk þrisvar sinnum fyrir honum hvað gerðist) setti svo morfin í æð og kallinn inná Slysó (og þar þurfti ég að endurtaka söguna oftast en ég kæri mig um að muna) og lagður inn í framhaldinu, á smitsjúkdómadeild nb enda loksins óumdeilanlega kominn með veiðibakteríuna, sem vel að merkja lækarnir fundu samt ekki á Google, í alvöru þeir leituðu þar til að átta sig á því hvað ætti að gefa kallinum. Var þar heila viku og fékk allar tiltækar gerðir af sýklalyfjum í æð, í stórgripa skömmtum, allan sólarhringinn.... já saaaææællllllll !! Fékk svo að fara heim, á hækjum og heimahjúkkur til að dæla á mig sýklalyfjum kvölds og morgna, og miðjan dag heila viku þar á eftir (kynntist fleiri yndælum konum á þessum tíma en mig rekur minni til að hafa gert áður á svo skömmum tíma). Leið alla næstu viku þar á eftir eins og mömmunni í bréfaskiptum Skráms og jólasveinsins, bryðjandi 1900 m.gr. af sýklalyfum á dag og átti að vera með eina hækju.

Það fór ekki hjá því að ég fengi þokkalegan skammt af glósum frá félögunum, enda ekki skritið, mér var bent á að veiða bara og sleppa hér eftir.... eða fá aðstoðarmann til að landa (og rota) og margt fleira í þeim dúr. Fékk meira að segja sendan nýjan málshátt frá Noregi

„betri er öngull í rassi en töng í hné“.

Það er ljóst, eftir þessa reynslu, að ég óska engum þess að fá veiðibakteríuna....

Kv. Hans Ólason.

P.s. Þess má að lokum geta að veiðistaður nr. 1 hefur nú verið skírður og heitir Tangarhylur !

Ætli þetta sé bakterían sem var leitað að?




Hlíðarvatn 2009

Hér er smá samantekt frá Hlíðarvatnsnefnd varðand veiðisumarið 2009. Skráður afli sumarið 2009 var vel yfir síðustu tveim árum:


Árið 2007 437 fiskar
 Árið 2008 716 fiskar
 Árið 2009 1.144 fiskar

Hlíðarvatn 1995 - 2009




Yfirlit yfir veiði í Hlíðarvatni á vegum Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar (SVH) frá 1995. Einnig er sett inn heildarveiði samkvæmt upplýsingum frá Veiðimálastofnun frá árinu 1999. Samkvæmt yfirlitinu er SVH með 30 - 40% aflans í vatninu. Önnur stangaveiðifélög sem veiða í vatninu eru Ármenn, Stangaveiðifélag Selfoss og Stangaveiðifélag Þorlákshafnar auk Stakkavíkumefndar.

Hlíðarvatn 2003 - 2009




Skipting á veiði Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar í Hlíðarvatni eftir mánuðum árin 2003 - 2009. Sumarið 2009 var aðalveiðin í maí (37%), júní (42%) og júlí (16%).

Hlíðarvatn 2009




Yfirlit yfir helstu veiðistaði sem veiði var skráð á í veiðibók Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar sumarið 2009. Vinsælustu veiðistaðirnir voru Kaldós (23%), Hjalftangi (16%) og Mólin (11%).



Samkvæmt veiðibók Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar voru Krókurinn og Peacock fengsælustu flugurnar sumarið 2009 með samtals um 50% af allri veiði á vegum SVH.

Hlíðarvatn 2009

Hlíðarvatn 2003 - 2009



Mest af veiðinni sem skráð er í veiðibók Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar er 0,3 - 0,5kg alls um 60% aflans. 30% er á bilinu 0,5 - 1,0kg en um 10% er stærra en 1,0kg.

	Meðþyngd	Stærsti fiskur samkvæmt veiðibók SVH
2004	0,64 kg	3,0 kg
2005	0,68 kg	2,5 kg
2006	0,62 kg	2,6 kg
2007	0,65 kg	2,7 kg
2008	0,54 kg	2,0 kg
2009	0,51 kg	4,5 kg



Mynd af 4,5 kg bleikjuni úr Hlíðarvatni, veiddist 29. sept. Veiðimaðurinn var Geir Thorsteinsson. Hún tók Watson Fancy púpu. Mynd og upplýsingar fengust á www.votnogveidi.is

Fluguhnýtingar

Miðvikudagar kl. 19.30-21.30

10. feb. – 10. mars 5 skipti

Kennsla fer fram í félagsheimili Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar við Flatahraun.

Allt efni innifalið og tæki til afnota.

Verð 12.000 kr.



Flugukastnámskeið

Námsflokkar Hafnarfjarðar í samstarfi við Stangveiðifélag Hafnarfjarðar bjóða upp á hin vinsælu flugukastnámskeið á vorönn 2010.

Kennt er fjóra sunnudagsmorgna kl. 9.30-11.00

í íþróttahúsi Kaplakrika auk útikastæfingar á vordögum.

Nánari upplýsingar og innritun í síma 585-5860.



**Pessi síða er laus fyrir auglýsingar
Upplýsingar fást hjá stjorn@svh.is**

Hægt er að fá hinn glæsilega sal félagsins leigðan fyrir ýmsar veislur. Enn eru t.d. einhverjir "hefðbundnir" fermingadagar lausir.

Upplýsingar veita: Vilborg s: 8643989

Sigríður s: 5653602 eða 8923037

